

Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stuðningsþjónustu

I. KAFLI

Almennt um stuðningsþjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.-27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Við alla framkvæmd, beitingu og túlkun reglna þessara gagnvart fötluðu fólki skal tryggt að farið sé eftir alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda á sviði mannréttinda fatlaðs fólks, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sbr. lög nr. 80/2025, og skulu reglurnar túlkaðar með hliðsjón af markmiðum hans um jafnrétti, sjálfsákvörðunarrétt, valdeflingu og sjálfstætt líf.

2. gr.

Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að leiðbeina, styðja og þjálfa notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og heimilishald. Jafnframt til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfir og verið félagslega virkir. Stuðningurinn byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf, efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Um leið skulu sköpuð skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Félagsleg þjónusta skal í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður.

3. gr.

Stuðningur

Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt á grundvelli 1. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Stuðningsþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimili og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan heimilis og utan.

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, svo sem við að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast/hátta og hafa eftirlit með næringu og lyfjainntöku. Auk þess getur stuðningur verið veittur með símtölum og/eða skjáheimsóknum.



- b) *Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félagsstarfi. Stuðningurinn er einnig veittur til að létta álagi af heimili vegna sérstakra aðstæðna. Leitast er við að nýta velferðartækni í formi skjáheimsókna.
- c) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda, svo sem aðstoð við létt heimilisþrif samkvæmt mati, svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- d) *Heimsending á mat* er fyrir þá notendur sem hafa ekki tök á að borða í Ekrinni, Víkurbraut 30 og/eða geta ekki annast matseld sjálfir tímabundið eða til lengri tíma.
- e) *Ráðgjafar stuðnings- og virkniþjónustu* veita ráðgjöf og viðeigandi þjálfun til sjálfshjálpar þar sem það á við. Leggja skal meðal annars áherslu á hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl. Þjónustan er tímabundin og byggir á þeim markmiðum sem notandi setur sér og eru honum mikilvæg til að ráða við daglegt líf.
- f) *Snjómokstur á heimreiðum í dreifbýli*. Þjónustan er að jafnaði ekki veitt ef aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, geta sinnt henni. Þjónustu er ekki sinnt fyrr en forgangsmokstri er lokið eða samkvæmt ákvörðun verkstjóra áhaldahúss sveitarfélagsins. Sveitarfélagið annast almennt ekki hreinsun eða hálkuvarnir heimreiða í dreifbýli heldur er þjónustan aðeins í boði á bæjum þar sem önnur þjónusta á vegum sveitarfélagsins er til staðar svo sem heimaþjónusta eða heimahjúkrun.
- g) *Garðsláttur*. Þjónustan er að jafnaði ekki veitt ef aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, geta sinnt henni. Að jafnaði er ekki slegið meira en 300 m² svæði og ekki er veittur sláttur á lögbýlum. Slegið er að hámarki þrisvar á ári.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram með skriflegu samþykki notanda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir. Skal það háð samráði við viðkomandi einstakling.

Greiðsla fyrir garðslátt, sbr. g-lið 3. gr., og snjómokstur, sbr. f-lið 3. gr., fer eftir gildandi gjaldskrá Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir þá þjónustubætti hverju sinni.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef umsækjandi er fatlaður og hefur mjög sértækar stuðningsþarfir vísast til reglna sveitarfélagsins um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og geta þær komið til viðbótar við reglur þessar.
- b) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði þegar sótt er um og á meðan þjónusta er veitt.



- c) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 7. gr. reglna þessara.
- d) Umsækjandi skal búa í heimahúsi. Einstaklingar, sem dveljast á sjúkrahúsi, búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum.

III. KAFLI

Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn

Sækja skal um stuðningsþjónustu með rafrænum hætti á íbúagátt á vef sveitarfélagsins, www.hornafjorður.is.

Þegar beiðni berst skal starfsfólk stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs hafa samband við viðkomandi og meta þörf fyrir stuðning.

Sé mál til vinnslu á velferðarsviði sveitarfélagsins geta starfsmenn þar haft milligöngu varðandi stuðning samkvæmt reglum þessum.

Óski einstaklingur eftir ráðgjöf og stuðningi er hægt að panta viðtal við ráðgjafa stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs í síma 470-8000.

Einnig geta beiðnir um stuðning borist rafrænt m.a. frá starfsfólki félags- og heilbrigðisþjónustu. Þegar beiðni berst skal starfsfólk velferðarsviðs hafa samband við viðkomandi og meta þörf á stuðningi.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn

Með undirritun á umsókn er umsækjandi upplýstur um heimild sveitarfélags til að kalla eftir nauðsynlegum gögnum frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu svo hægt sé að afgreiða umsóknina.

Ef umsækjandi sækir um undanþágu frá gjaldskyldu vegna stuðnings við heimilishald er hann upplýstur um heimild sveitarfélagsins til að afla gagna frá Tryggingastofnun og skattfyrirvöldum.

7. gr.

Mat á stuðningsþörf

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru metnar og þeim forgangsraðað skv. fylgiskjali 1, af fagteymi þjónustunnar heim að teknu tilliti til niðurstöðu samræmds skimunartækis á landsvísu (WHODAS), liggi þær fyrir, og mögulega út frá niðurstöðum RAI-mats ef talið er þörf á frekari greiningu á stöðu umsækjanda.

Haft er samband við umsækjanda að jafnaði innan fimm virkra daga frá því að umsókn berst.

Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda og er það framkvæmt á heimili umsækjanda. Við matið er tekið tillit til markmiða og þarfa umsækjanda fyrir stuðning, líkamlegs og andlegs heilsufars, félagslegrar virkni, styrkleika, félags- og fjölskylduaðstæðna og færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs.

Þegar aðstoð við heimilishald er metin og fleiri fullorðnir einstaklingar búa á heimilinu skal metið hvort þeir séu færir um að annast heimilishaldið. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs með tilliti til nýrrar tækni kjósi umsækjandi það. Við mat á stuðningsþörf skal taka mið af fyrirliggjandi matstæki.

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að þjálfra og styðja umsækjanda til að leita bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs, til þess að hann geti búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur.

Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem notandi setur sér til að ráða við daglegt líf. Við forgangsörðun umsókna skal líta til flokkunar á fylgiskjali 1 með reglum þessum.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á fundi Þjónustunnar heim og þar er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er.

Umsækjandi fær svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt af fagteymi Þjónustunnar heim er gerð stuðningsáætlun og stuðningur getur hafist.

Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, s.s. við útskrift af spítala með skömmum fyrirvara, getur verið heimilt að hefja stuðning þótt formlegu samþykktarferli sé ekki lokið.

Þegar skyndilegar aðstæður krefjast þess, svo sem við útskrift af sjúkrahúsi með skömmum fyrirvara, bráð veikindi maka eða umönnunaraðila, eða önnur alvarleg áföll á heimili, er stjórnanda stuðnings- og virkniþjónustu heimilt að samþykkja tímabundinn bráðastuðning strax. Skal slíkur bráðastuðningur metinn og tekinn fyrir á næsta fundi Þjónustunnar heim til formlegrar afgreiðslu. Sé niðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda séu ekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi eða umsækjandi sé í þörf fyrir umfangsmeiri stuðning en reglur þessar kveða á um, ber að synja umsókninni.

8. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningurinn hefst skal gert samkomulag um stuðning, þ.e. stuðningsáætlun, með notanda. Stuðningur byggir ætíð á skýrum markmiðum og árangur er metinn reglulega.

Í stuðningsáætlun kemur eftirfarandi fram:

- Markmið notanda með stuðningi og hvernig honum skuli náð.
- Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- Gildistími samþykktar.
- Notkun lykla m.t.t. 17. gr. reglna þessara.

Stuðningsáætlun skal unnin í samvinnu við notanda. Náist ekki samkomulag um umfang og fyrirkomulag stuðnings skal málinu vísað aftur til fagfundar Þjónustunnar heim sem leggur faglegt mat á viðkomandi stuðningsáætlun með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.



Fagteymi þjónustunnar heim er skipað þverfaglegum hópi sérfræðinga/fulltrúa stuðnings- og virknipjónustu velferðarsviðs og heimahjúkrunar.

9. gr.

Forgangsröðun umsókna

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara raðast umsóknir í forgangsröð með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda, sbr. fylgiskjal 1 með reglum þessum um forgangsröðun á stuðningsþjónustu.

Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess, forgangsröðun umsóknar hans og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist, með hliðsjón af forgangsröðun.

IV. KAFLI

Framkvæmd

10. gr.

Gjaldtaka

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilishald, sbr. c-lið 3. gr., og heimsendan mat, sbr. d. lið 3. gr., samkvæmt gildandi gjaldskrá Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stoð- og stuðningsþjónustu.

Heimilt er að sækja um afslátt á gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við heimilishald ef umsækjandi er undir tekjuviðmiðum sem ákveðin eru í gjaldskrá ár hvert og skal í slíkum tilfellum skila inn staðfestu skattframtali umsækjanda.

11. gr.

Hvenær stuðningurinn er veittur

Almennt er stuðningsþjónusta veitt á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs.

12. gr.

Umfang stuðnings

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda skipta í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum í samræmi við 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Þegar um er að ræða þjálfun eða endurhæfingu getur stuðningur verið umfangsmeiri og veittur þéttar í skemmri tíma.

13. gr.

Endurmat

Þegar færni notanda til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytast skal endurmeta stuðningsþörf. Almennt skal endurmeta þörf fyrir stuðning eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir stuðning verði langvarandi, skal fara fram endurmat á 24 mánaða fresti. Þegar um þjálfun eða endurhæfingu er að ræða fer fram símat á árangri endurhæfingar.



Ef aðstæður og færni notanda eru stöðugar og fyrirsjáanlegt er að þjónustuförf verði ævilöng, er heimilt að framkvæma einfaldað endurmat. Í þeim tilvikum er stuðningsáætlun framlengd á grundvelli skriflegrar eða munnlegrar staðfestingar notanda eða talsmanns hans um að engar breytingar hafi orðið á högum eða þörf, án þess að fram fari nýtt heildstætt mat á heimili.

14. gr.

Breyttar aðstæður

Notanda ber að upplýsa sveitarfélagið um breytingar á högum sínum sem áhrif kunna að hafa á fyrirbyggjandi mat á þeim. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er Sveitarfélaginu Hornafirði heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og stuðningsáætlun.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði

15. gr.

Kostnaður

Notanda ber að greiða fyrir sig allan þann persónulega útlagða kostnað sem hlýst af því að stuðningur sé veittur utan heimilis.

Velferðarsvið endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað vegna þjónustunnar. Útlagður kostnaður starfsmanns skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru í stuðningsáætlun. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. viðmið velferðarsviðs.

Velferðarsvið greiðir starfsmanni bifreiðastyrk skv. akstursdagbók sé heimild fyrir akstri á einkabifreið samkvæmt stuðningsáætlun. Í þeim tilfellum skal miða við hámarksfjölda kílómetra á mánaðargrunni, sbr. viðmið velferðarsviðs. Horft skal til fjölda samþykktra tíma við ákvörðun kílómetrafjölda. Greitt er fyrir akstur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins um kílómetragjald hverju sinni.

16. gr.

Ferðir

Meginreglan er sú að almenningssamgöngur eða akstursþjónusta sveitarfélagsins séu notaðar þegar félagslegur stuðningur er veittur utan heimilis.

17. gr.

Lyklar notenda

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili notanda skal lykill geymdur á starfsstöð stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs að Miðgarði, Víkurbraut 24. Kveðið skal á um það í stuðningsáætlun og haldin skal skrá yfir notkun lykilsins. Sama gildir um raflása.

18. gr.

Fjármunir notenda

Starfsmönnum er óheimilt að fara með fjármuni notenda. Starfsmanni er hins vegar heimilt að styðja notanda til þess að panta nauðsynjavörur frá netverslunum án þess að fara með fjármuni hans.



19. gr.

Vinnuaðstæður

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Skapist þær aðstæður inni á heimili notanda að aðbúnaði og/eða öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna áreitni, ógnandi hegðunar, óreglu eða dýrahalds, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir.

Heimilt er að fella niður eða breyta þjónustu tímabundið á meðan velferðarsvið vinnur í samráði við notanda eða talsmann að því að finna aðrar öruggar leiðir til að veita þjónustuna.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notanda og skal notandi ekki reykja á meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Sama á við um notkun á rafrettum.

VI. KAFLI

Málsmeðferð, sbr. ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

20. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hans um stuðningsþjónustu hefur borist. Sama á við ef sveitarfélaginu berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Sveitarfélagið skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

21. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal ávallt hafa samvinnu og samráð við umsækjanda. Sé þess þörf skal leitað samstarfs við persónulegan talsmann hans, sbr. lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, eða aðstandendur hans eftir því sem við á og í samræmi við vilja umsækjanda.

22. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðningsþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stuðningsþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

23. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.



Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

24. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur sveitarfélagsins.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni. Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins.

25. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

26. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsfólk velferðarsviðs tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

27. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar skriflega svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og honum leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að velferðarnefnd sveitarfélagsins taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast nefndinni innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.



28. gr.

Rökstuðningur og kynning ákvörðunar

Kynna skal niðurstöður umsóknar um stuðningsþjónustu svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjuninni, sbr. stjórnsýslulög nr. 37/1993. Í svari skal jafnframt upplýsa umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og um málskotsrétt til velferðarnefndar.

29. gr.

Málskotsréttur til velferðarnefndar

Sá sem ákvörðun beinist að og sættir sig ekki við afgreiðslu fagteymis Þjónustunnar heim, getur kært ákvörðunina til velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Kæra skal berast skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðunina. Velferðarnefnd skal fjalla um málið og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

30. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært endanlega ákvörðun velferðarnefndar til Úrskurðarnefndar velferðarmála, sé um að ræða ákvörðun er varðar þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 eða laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Kæra skal borin fram skriflega innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngert um ákvörðun velferðarnefndar.

31. gr.

Gæðaeftirlit og kvartanir til Gæða- og eftirlitsstofnunar

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fer með eftirlit með gæðum og öryggi þeirrar akstursþjónustu sem veitt er á grundvelli reglna þessara, sbr. lög nr. 88/2021.

Notendur þjónustunnar eiga rétt á að beina formlegri kvörtun yfir gæðum, öryggi, búnaði ökutækja eða framkomu starfsfólks akstursþjónustunnar til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, náist ekki sátt með samtali við stjórnanda stuðnings- og virkniþjónustu eða sviðsstjóra velferðarsviðs.

32. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem voru samþykktar í velferðarnefnd 12. 05. 2025 og staðfestar í bæjarstjórn 12. 06. 2025. Jafnframt falla úr gildi reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um félagslega heimaþjónustu frá 20. ágúst 2020.

Endurskoðun reglnanna var til umfjöllunar í velferðarnefnd 18.8.2026, bæjarráði 25.8.2026 og að lokum samþykktar í bæjarstjórn 10.9.2026



Fylgiskjal 1

Forgangsöröðun samkvæmt reglum Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stuðningsþjónustu

Við mat á forgangi er byggt á eftirfarandi matsviðmiðum og litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og heilsufar
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanet
- Samfélagsþátttöku og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hefur fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi nýtur

Skilgreiningar á þjónustubáttum:

Stuðningur við athafnir daglegs lífs, sem tekur mið af þörfum notanda. Auk þess er um að ræða stuðning við að útvega hjálpartæki, nýta velferðartækni o.fl.

Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.

Félagslegur stuðningur sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku. Félagslegur stuðningur er einnig veittur þegar um er að ræða alvarleg veikindi og aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima en markmiðið er að létta álagi af heimilinu.

Flokkur 1

Þjónusta hefst strax, hefur forgang og má ekki falla niður. Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust, ýmist vegna langvarandi stuðningsþarfa eða þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp.

Forsendur:

- Þau sem þurfa daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.
- Þau sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.
- Þau sem hafa fengið samþykkt færni- og heilsumat.

Flokkur 2

Mikilvæg þjónusta, ef þjónusta fellur niður þarf að bæta viðkomandi það upp sem allra fyrst. Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér eða grípa þarf inn í aðstæður sem fyrst í forvarnarskyni. Viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum.

Forsendur:

- Þau sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda.
- Þau sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við athafnir daglegs lífs eða heimilishald.



- Þau sem eru félagslega einangruð.

Flokkur 3

Reglubundin þjónusta. Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oftar en í tvö skipti samfellt. Einstaklingur þarf stuðning við heimilishald og/eða er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis vegna félagslegrar einangrunar eða í forvarnarskyni. Markmiðið er að styðja notanda til sjálfhjálpar og félagslegrar þátttöku. Einnig getur markmið þjónustunnar verið að létta álagi af aðstandendum.

Forsendur:

- Þau sem þurfa aðstoð, hvatningu og félagslegan stuðning.
- Þau sem þurfa aðeins aðstoð við heimilishald.

Flokkur 4

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður til lengri tíma en getur fallið niður t.d. yfir sumarmánuði. Aðstæður einstaklings eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.

Forsendur:

- Þau sem eru sjálfbjarga og félagslega vel sett en þurfa leiðbeiningar, þjálfun eða stuðning.
- Þau sem eingöngu þurfa aðstoð við heimilisþrif eða óverulegan félagslegan stuðning.